

102

6. júní

Orðist svo: Skyld skal hverjum ábúanda eða húsráðanda, sem fé á, að gera fjallskil fyrir sig, hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fyrir það fé, er hann kann að hafa tekið til upprekstrar úr öðrum hreppum. Lausamenn og húsmenn, sem eiga 10 kindur á fjalli, skulu gera fjallskil, enn fremur notendur eða eigendur jarða, þótt enga kind eigi, nema sannað sé, að eigandi geti á engan hátt notað sér jörðina. Heimilt er hreppsnefnd, telji hún það betur henta, að taka í sínar hendur ráðningu manna til fjallskila, og skal þá jafna kostnaði niður á fjáreigendur eftir fjártölu og landeigendur, sem ekki eiga fé, eftir hundradatölu í jörð.

22. gr.

Orðist svo: Hver, sem á færri en 10 kindur á fjalli, svo og notendur eða eigendur jarða, sem enga kind eiga, geta valið um að fara í göngur einn sér eða í samlögum við aðra, eða að greiða í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þá upphæð fyrir hverja kind eða hundrad í jörð, sem hreppsnefnd ákveður, sbr. þó síðustu málsgrein 21. gr.

25. gr.

Niður falli orðin: „áliti meira hluta þess flokks, sem hann er í og“.

39. gr.

Í stað orðanna: „fyrir geymslulaun greiðast 15 aurar yfir sólarhringinn hverja kind“, komi: Geymsla greiðist eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningi.

Breytingar þessar, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

103

7. júní

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með því að alþingismaður Gísli Sveinsson hefur lagt niður þingmennskuumboð sitt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu frá 1. júlí n. k. að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Skaftafellssýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfaraandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 13. júlí n. k.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna, styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingafresturinn skal felldur alveg niður og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. gr. styttist í 2 vikur og úrskurðir samkvæmt 21. gr. skulu ganga viku fyrir kjördag.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.